



Nemandi glímir við atburðarás og frásögn með aðstoð Talking Dice kubba.



Allir læra! Erlendur nemandi lærir íslensku og kennarar og bekkjarfélagar læra spænsku ☺

Hvað er það sem skiptir máli?

Kennarar

Kennarar og aðrir sem starfa í skólunum eru undir áhrifum frá almennri umræðu og viðhorfum þjóðfélagsins, t.d. gagnvart innflytjendum, tungumáli þeirra og menningu. Það viðhorf hefur síðan áhrif á þær ákvarðanir sem teknar eru í skólunum um náms- og uppeldisstefnu.

Cummins (1996) leggur mikla ábyrgð á kennara en hann sér einnig mikil tækifæri fyrir þá. Hann segir að það sé í gegnum einstaklingssamskipti kennara og nemanda sem tækifæri bjóðist til að styrkja viðkomandi eða draga úr honum kraft. Kennarinn þurfi að ákveða að standa með nemandanum í námi hans og félagslegri aðlögun.

Cummins segir að í sambandi nemanda og kennara þurfi bæði að leggja áherslu á tengsl vegna náms og sjálfsmyndar. Því meira sem nemandi lærir, því sterkari verður sjálfsmynd hans og því meira leggur hann sig fram.



Skipulag kennslu og umhverfis

Mikilvægt er að halda við og þroska fyrsta mál, jafnhliða því að læra nýtt. Starfsfólk skóla þarf að sýna máli nemanda virðingu og leita leiða til að gera það hluta af skólastarfi. Það er hægt að nota móðurmálið á ýmsan hátt:

- Í skriftar- og ritunaræfingum.
- Hvetja nemendur til að skrifa dagbók eða glósur á móðurmáli sínu.
- Þýða stuttar sögur af móðurmáli á íslensku.
- Nota tölvuforrit og bækur á móðurmáli til að auðvelda nemendum að læra hugtök lesgreina.
- Nota samvinnunám og umræður til að dýpka skilning.
- Læsi í gegnum allar námsgreinar.
- Notkun nemenda á ferilmöppum.
- Þematengd kennsla.

Foreldrasamstarf

Corson (1998) telur upp góðar ástæður fyrir öflugu samstarfi við erlenda forelda:

- Það færir fjölskylduna og kennarann nær hvort öðru, sérstaklega þar sem kennarinn tilheyrir oftast meirihlutasamfélaginu.
- Staðalmyndir sem kennarar gera sér stundum um nemendur og fjölskyldur þeirra hverfa þegar þeir fara að vinna með fjölskyldunni.
- Samstarfið styrkir sjálfsmynd foreldra og hefur jákvæð áhrif á nemandann.

